



3. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2023 - 24 haldinn miðvikudaginn 13. desember 2023 kl. 11:45.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson, skólameistari; Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður; Frosti Logason, Davíð Freyr Jónsson, Inga Amal Hasan, fulltrúar úr skólanefnd FG; Elísabet Rós Birgisdóttir, fulltrúi foreldraráðs; Harpa Valdimarsdóttir, fulltrúi kennara; Guðrún Fjóra Ólafsdóttir fulltrúi nemenda, Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari.

Irena Ásdís Óskarsdóttir kennslustjóri íþróttar var gestur fundarins.

Dagskrá:

1. Fjármál skólans
Farið var yfir fjármál skólans sem eru í samræmi við áætlanir. Væntanlega verður einhver halli á árinu en hann er í samræmi við áætlanir.
2. Kynning á íþróttabraut. Irena Ásdís Óskarsdóttir kennslustjóri íþróttar kynnti brautina sem hófst með heimsókn fundarfólks í íþróttahúsið. Írena sagði stuttlega frá uppbyggingu allmenningar íþróttakennslu og íþróttabrautar. Almennir íþróttáfangar hvers nemanda eru sex á námsferlinum og nemendur eru í þremur tímum í viku þær annar sem þeir sækja íþróttáfanga. Meðal íþróttáfanga eru hefðbundnir áfangar og svo má nefna áfanga eins og jóga og göngur. Írena sagði einnig frá uppbyggingu íþróttabrautarinnar og breyttum áherslum á endurskoðaðri braut, t.d. leiðsöguáfanga, tómstudafræðslu, lýðheilsu/jóga og viðburðarstjórnun. Aukin áhersla er á raunhæf verkefni og tengingu við nærsamfélag.
3. Félagslíf nemenda. Formaður NFFG Guðrún Fjóra Ólafsdóttir sagði frá: Salsaball verður haldið í kvöld. Ágætis stemming er fyrir ballinu og búist við um 400 gestum. Eftir áramót verður haldin söngvakeppni, vika gegn fordómum, andvökunótt, Ibrudagar, nefndarvika þar sem hver nefnd fær einn dag til að brjóta upp skólastarfið, skíðaferð o.fl.. Foreldraráð verður sýnilegra en oft áður fyrir ballið og býður væntanlegum ballgestum upp á kakó.
4. Afmæli skólans 2024. Skólinn verður 40 ára á næsta ári og byrjað er að huga að afmælinu.
5. Önnur mál
 - Næsti fundur fyrirhugaður í byrjum febrúar.

Fundi slitið kl. 12:50

Fundarritari

Anna María Gunnarsdóttir